

Til að panta LifeWave® IceWave:
Hafið samband við LifeWave® umboðsaðila.

Þjónusta við viðskiptavini:
LifeWave® umboðsaðilarnir eru vel þjálfaðir og hafa góða þekkingu á vörum okkar.

100% trygging:
LifeWave® ábyrgist gæði allrar sinnar framleiðslu. Sé viðskiptavinur af einhverjum ástæðum óánægður með vöruna bjóðumst við til að endurgreiða hana sé henni skilað innan 30 daga.

Hafið samband:

Life Wave LLC
1020 Prospect Street Suite 200
La Jolla, CA 92037
www.lifewave.com

LIFEWAVE®



icewave®

Mild, tímabundin örvun
nálastungupunktanna

NÝ TÆKNI Í VERKJASTILLINGU

icewave®

By
LIFEWAVE®

FYRIRVARI

Þær fullyrðingar sem fram koma hafa ekki verið metnar af Lyfjastofnun Bandaríkjanna (Food and Drug Administration). IceWave plástrarnir eru ekki ætlaðir sem meðferð, forvörn eða sem lækning sjúkdóma.

IceWave plástrarnir eru ætlaðir heilbrigðum einstaklingum sem náð hafa 18 ára aldri. Leiðbeiningabæklingur þessi og aðrar leiðbeiningar eru einungis til upplýsingar og fræðslu. Bæklingnum er ekki ætlað á nokkum hátt að veita læknisráð. Vinsamlega hafið samband við lækni eða annan sérfræðing með allar spurningar og/eða áhyggjur af heilsunni. Árangur einstaklinga sem vitnað er í á vefsíðu LifeWave er ekki endilega dæmigerður og árangur annarra er einstaklingsbundinn. LifeWave tekur ekki ábyrgð á því hvernig farið er með þær upplýsingar sem fram koma í bæklingi þessum. LifeWave plástrunum er ekki ætlað að lækna eða fyrirbyggja sjúkdóma í mönnum eða dýrum.

KYNNING Á ICEWAVE



Ímyndaðu þér hraðvirka, lyfjalausa lausn undan sársauka. Ímyndaðu þér að þú hafir hana í hendi þér með LifeWave.

Einstakt plástrakerfi sem virkar ofan frá húðinni. Það nýtir nýja tækni til að örva mjúklega nálastungupunkta sem bæta orkuflæði líkamans og dregur úr sársauka og óþægindum á örfáum mínútum!

NÝ TÆKNI TIL AÐ EYÐA VERKJUM

Við höfum öll vanist því að þurfa að taka inn efni (eins og vítamín) til að bæta heilsuna.

Í þúsundir ára hefur verið vitað að sérstök ljóstiðni getur valdið ákveðnum breytingum í mannlíkamanum. Sérstök ljóstiðni veldur því að líkaminn framleiðir D-vítamín þegar við erum úti í sólskini. Önnur ljóstiðni (úttjólublá) veldur því að líkaminn framleiðir melanín, efnið sem gerir okkur sólbrún. IceWave plástrarnir nýta þessa þekkingu til að örva nálastungupunkta líkamans til að bæta orkuflæði hans og mynda lyfjalausa lausn undan verkjum innan örfárra mínútna frá því að notkun hefst.

HVAÐ ER NÁLASTUNGUADFERÐIN?

Nálastunga er ein gerð austrænna lækninga sem byggist á fornum kínverskum og japönskum lækningum. Nálastungulæknir örvar gjarnan nálastungupunkta líkamans með nálum eða þrýstingi til að bæta svefn, draga úr sársauka og óþægindum og stuðla að bættri heilsu.



Sjálflímandi IceWave plástrarnir nýta lögmál austrænna lækninga án nála. Þeir örva mjúklega punkta á líkamanum til að koma á jafnvægi og bæta orkuflæði með aðferð sem notuð hefur verið í þúsundir ára. Náttúruleg leið til að bæta lífsgæði og ná árangri án þess að nokkur lyf, örvandi efni eða nálar komi nærri.

PERLU LEIÐBEININGAR:



PREP 1

Staðsetjið nálastungupunktinn sem örva skal.



PREP 2

Takið plastperluna úr umbúðunum. Fjarlægjið sjálflímandi plastið sem fylgir plástrinum. Setjið plastperluna í miðju plástursins á sjálflímandi hlið hans.



PREP 3

Að lokum skal setja perluna og plásturinn á nálastungupunktinn og slétta yfir plásturinn svo hann sé vel fastur á húðinni. Mildur þrýstingur á að vera á nálastungupunktinum.

ICE WAVE LEIÐBEININGAR

Klukkutæknin við að staðsetja IceWave plástrana á líkamanum var þróuð í þeim tilgangi að veita sem allra hraðasta og áhrifaríkasta lausn undan verkjum.

Byrjið á að staðsetja svæðið þar sem verkir eru mestir og fylgið síðan leiðbeiningunum hér að neðan:



PREP 1

Setjið HÚÐLITAN IceWave plástur beint á þann punkt þar sem verkir eru mestir.



PREP 2

Setjið HVÍTA plásturinn u.þ.b. 5 cm fyrir OFAN HÚÐLITA plásturinn. Hafi ekki dregið úr verkjunum eftir 10 sekúndur skal farið á næsta þrep.



PREP 3

Færið HVÍTA plásturinn í stöðuna kl. 3. Hafi ekki dregið úr verkjunum eftir 10 sekúndur skal farið á næsta þrep.



PREP 4

Færið HVÍTA plásturinn í stöðuna kl. 6. Hafi ekki dregið úr verkjunum eftir 10 sekúndur skal farið á næsta þrep.



PREP 5

Næst skal færa HVÍTA plásturinn í stöðuna kl. 9. Hafi ekki dregið úr verkjunum eftir 10 sekúndur skal farið á næsta þrep.



PREP 6

Að lokum skal staðsetja HVÍTA plásturinn samhliða HÚÐLITA plástrinum. Það kallast að festa sársaukann.

VARÚÐ

Fjarlægjið plástra samstundis ef þið finnið fyrir óþægindum eða ertingu í húðinni. Endurnýtið ekki plástrana eftir að þeir hafa verið fjarlægðir af húðinni. Notið ekki meira en einn plástur í einu. Drekkjið mikið vatn þegar plásturinn er á líkamanum. Aðeins fyrir útvortis notkun. Neytið ekki. Notið ekki á sár eða skemmda húð. Hafið samráð við lækni fyrir notkun ef þið eigið við heilsubrest að stríða. Notið hvorki af þunguðum konum né konum með barn á brjósti. Þessar staðhæfingar hafa ekki verið metnar af Matvæla- og lyfjaeftirliti Bandaríkjanna. Vörurni er ekki ætlað að sjúkdómsgreina, meðhöndla, lækna né fyrirbyggja sjúkdóma. *Árangur er breytilegur og einstaklingsbundinn.

SÁRSAUKI UM ALLAN LÍKAMANN - STAÐSETNINGAR



ÞREP 1

Setjið HVÍTAN plástur á hægri il og HÚÐLITAN plástur á vinstri il (Nýra 1). Látið plástrana vera á þessum punktum. Takið nú annað sett af IceWave plástrum og fylgið næstu ÞREPUM.



ÞREP 2

Setjið HVÍTAN plástur á LUNGU 9 punktinn á innanverðan hægri úlnlið og HÚÐLITAN plástur á sama punkt á innanverðan vinstri úlnlið. Hafi ekki dregið úr verkjum innan 10 sekúndna skal færa plástrana á næsta punkt sem sýndur er í ÞREPI 3.



ÞREP 3

Setjið HVÍTAN plástur á ÞREFALDA BRENNARANN 5 punktinn á utanverðan hægri úlnlið og HÚÐLITAN plástur á sama punkt á vinstri úlnlið. Hafi ekki dregið úr verkjum innan 10 sekúndna skal færa plástrana á næsta punkt sem sýndur er í ÞREPI 4.



ÞREP 4

Setjið HVÍTAN plástur á HJARTA 3 punktinn á hægri handlegg og HÚÐLITAN plástur á sama punkt á vinstri handlegg. Hafi ekki dregið úr verknum innan 10 sekúndna skal færa plástrana á næsta punkt sem sýndur er í ÞREPI 5.



ÞREP 5

Setjið HVÍTAN plástur á ÞREFALDA BRENNARANN 15 punktinn ofan á miðja hægri öxl og HÚÐLITAN plástur á sama punkt vinstra megin.

Reynslan hefur sýnt að mjög oft er nægilegt að setja eitt sett af Ice Wave plástrum undir iljamar til að draga úr sársauka í öllum líkamanum. Einnig hefur komið í ljós að þegar nota þarf annað plástrasett er að minnsta kosti einn hinna nálastungupunktanna sem getið er um í þessum kafla einstaklega góður til að draga úr sársauka.

STAÐSETNINGAR VEGNA HÖFUÐVERKJAR

Nota skal eitt sett af plástrum; HVÍTAN hægra megin, HÚÐLITAN vinstra megin. Hafi ekki dregið úr verknum innan 10 sekúndna skal færa plástrana á næsta punkt sem sýndur er í ÞREPUM 1-7.



ÞREP 1

Setjið HVÍTAN plástur á STÓRGIRNI 4 punktinn á hægri hönd og HÚÐLITAN plástur á sama punkt á vinstri hönd. Punkturinn er í dældinni ofan við mót þumalfingurs og vísifingurs handarbaksmegin. Hafi ekki dregið úr verknum innan 10 sekúndna skal færa plástrana á næsta punkt sem sýndur er í ÞREPI 2.



ÞREP 2

Setjið HVÍTAN plástur á ÞREFALDA BRENNARANN 5 punktinn á hægri úlnlið utanverðan og HÚÐLITAN plástur á sama punkt á vinstri úlnlið utanverðan. Hafi ekki dregið úr verknum innan 10 sekúndna skal færa plástrana á næsta punkt sem sýndur er í ÞREPI 3.



ÞREP 3

Setjið HVÍTAN plástur á ÞREFALDA BRENNARANN 15 punktinn fyrir ofan hægra herðablað á miðja öxl og HÚÐLITAN plástur á sama punkt vinstra megin. Hafi ekki dregið úr verknum innan 10 sekúndna skal færa plástrana á næsta punkt sem sýndur er í ÞREPI 4.



ÞREP 4

Setjið HVÍTAN plástur á SMÁGIRNI 16 punkt hægra megin á hálsinum. Setjið HÚÐLITAN plástur á sama punkt vinstra megin. Hafi ekki dregið úr verknum innan 10 sekúndna skal færa plástrana á næsta punkt sem sýndur er í ÞREPI 5.



ÞREP 5

Setjið HVÍTAN plástur á ÞREFALDA BRENNARANN 23 punktinn sem er á hægra gagnauga. Setjið HÚÐLITAN plástur á sama punkt vinstra megin. Hafi ekki dregið úr verknum innan 10 sekúndna skal færa plástrana á næsta punkt sem sýndur er í ÞREPI 6.



ÞREP 6

Setjið a HVÍTAN plástur á GALLBLÖÐRU 14 punktinn sem staðsettur er á enninu, 2,5 cm fyrir ofan hægri augabrún. Setjið HÚÐLITAN plástur á sama punkt fyrir ofan vinstri augabrún. Hafi ekki dregið úr verknum innan 10 sekúndna skal færa plástrana á næsta punkt sem sýndur er í ÞREPI 7.



ÞREP 7

Setjið HVÍTAN plástur á MAGI 7 punktinn sem er staðsettur á hægri vanga, í dældinni undir kinnbeininu. Setjið HÚÐLITAN plástur á sama punkt á vinstri vanga. *Reynslan sýnir að mjög oft munu plástrar á einhverjum þessara punkta draga úr höfuðverk.*

FLEIRI STAÐSETNINGAR VEGNA VERKJA

VERKUR Í HNJÁM:

Notið eitt sett af plástrum. Bíðið í 10 sekúndur í hverri stellingu til að sjá hvort dregið hefur úr verknum áður plástrarnir eru færðir.



ÞREP 1

Notið HVÍTAN plástur á UTANVERT hnéð og HÚÐLITAN á INNANVERT hnéð. Ef ekki dregur úr verknum á 10 sekúndum farið á ÞREP 2.



ÞREP 2

Fylgið leiðbeiningunum í ICEWAVE LEIÐBEININGA-kafnanum. Setjið HÚÐLITAN plástur á sársaukasvæðið og setjið síðan HVÍTAN plástur fyrir ofan þann HÚÐLITA til að finna hvort dregið hefur úr verknum. Ef ekki hefur dregið úr verknum á 10 sekúndum skal flytja HVÍTÁ plásturinn niður fyrir HÚÐLITA plásturinn, síðan hægra megin við HÚÐLITA plásturinn og svo vinstra megin við HÚÐLITA plásturinn.

SETTAUGARVERKUR (Settaug er gildasta taug líkamans, liggur frá mjaðmagrind út í fótinn)

Notið eitt sett af plástrum; HVÍTAN hægra megin, HÚÐLITAN vinstra megin EÐA HVÍTAN plástur á ristina (Lifur 3)



ÞREP 1

Afmarkið verkinn með einu plástrasetti; Setjið HVÍTÁ plásturinn hægra megin við verkjasvæðið og HÚÐLITA plásturinn vinstra megin. Ef ekki dregur úr verknum á 10 sekúndum farið þá í ÞREP 2.



ÞREP 2

Setjið HÚÐLITAN plástur á verkjasvæðið og setjið HVÍTAN plástur ofan á fótinn á LIFUR 3 punktinn. LIFUR 3 punkturinn er staðsettur um þrjár fingurbreiddir frá mótum stóru tóar og næstu tóar, í dældinni sem er um fingurbreidd.

BACK PAIN:



Setjið HÚÐLITAN plástur á miðju verkjasvæðisins og síðan HVÍTAN plástur fyrir ofan HÚÐLITA plásturinn. Hafi ekki dregið úr verknum á 10 sekúndum færið þá HVÍTÁ plásturinn á einhverja af hinum staðsetningunum sem sýndar eru í kafnanum sem titlaður er ICEWAVE LEIÐBEININGAR.

ALGENGAR SPURNINGAR

1) Hvernig virka IceWave plástrarnir fyrst ekkert efni fer inn í líkamann?

Í plástrunum eru engin efni sem fara inn í húðina. Þeir byggja á nýrri tækni þar sem nálastungupunktur eru örvaðir mjúklega til að bæta orkuflæði líkamans til að draga úr minniháttar verkjum og sársauka. Þeir innihalda hvorki viðbótarefni, örvandi efni né nálar.

2) Af hverju finnst mér ekkert hafa dregið úr sársauka?

Algengasta ástæðan er rakapurð. Drekið eitt eða tvö vatnsglös og bíðið í 20-30 mínútur áður en plástrarnir eru settir á húðina. Önnur algeng ástæða er að plástrarnir hafa ekki verið settir á rétta punkta á líkamanum. Notkun IceWave plástranna til að draga úr sársauka þarfnast nokkurrar æfingar og því skal fylgja klukkutækni leiðbeiningunum. Ef þeim hefur verið fylgt og ekki hefur dregið úr sársauka skal prófað að setja plástrana á iljarnar (Nýra 1).

3) Hvenær á að nota hvítan plástur á sársaukablett í stað húðlita plástursins?

Aðeins skal setja HVÍTÁ plásturinn á sársaukablett EFTIR að reynt hefur verið að setja HÚÐLITA plásturinn á hann með klukkutækni. Þá má fylgja klukkutækni leiðbeiningunum og nota HVÍTAN plástur á sársaukablettinn í stað HÚÐLITA plástursins.

4) Hvernig á að nota plástrana gegn verkjum um allan líkamann?

Setjið HVÍTÁ plásturinn á hægri ilina og HÚÐLITA plásturinn á vinstri ilina (Nýra 1).

5) Hve marga plástra má nota til að vinna gegn sársauka?

Nota má allt að tvö plástrasett í einu. Setjið annað settið á iljarnar - Nýra 1 (HVÍTAN plástur á HÆGRI il, HÚÐLITAN plástur á VINSTRI il) og hitt settið á olnbogana - Hjarta 3 (HVÍTAN á HÆGRI, HÚÐLITAN á VINSTRI).

6) Hversu öruggir eru plástrarnir í notkun?

Nálastunguaðferðum hefur verið beitt í þúsundir ára gegn sársauka og til að bæta lífsgæði fólks. Viðamiklar prófanir hafa sýnt að vörurnar eru öruggar í notkun. Ef ógleði verður vart meðan á notkun stendur skal fjarlægja plástrana og drekka nóg af vatni..

7) Hafa plástrarnir verið prófaðir af óháðum aðilum?

Já, læknisfræðilegar rannsóknir með innrauðum myndatökum staðfesta umtalsverða og hraða minnkun sársauka með IceWave. Skoðið www.lifewave.com til að afla frekari upplýsinga.

8) Hversu lengi má vera með plástrana?

Mælt er með að plástrarnir séu ekki notaðir lengur en í 12 tíma á dag. Endurnýtið ekki plástrana.

9) Má hver sem er nota IceWave?

Sé um heilsubrest er að ræða og/eða einhvern vafa skal hafa samráð við lækni áður en notkun orkuplástursins hefst. Hvorki skal nota plástrana á meðgöngu né samhliða brjóstgjöf.

10) Hvar á að setja plástrana til að vinna gegn verkjum í hné?

Setjið HÚÐLITA plásturinn á innanvert hnéð og HVÍTÁ plásturinn á utanvert hnéð.